

Reykjavík, 23. maí 2019

## Gagnatölur váttryggingafélaga - fyrsti ársfjórðungur 2019

### Inngangur

Fjármálaeftirlitið hefur birt gagnatölur váttryggingafélaga á samandregnu formi fyrir fyrsta ársfjórðung 2019. Hér að neðan er að finna samantekt á þróun helstu stærða úr rekstri skaðatryggingafélaga og líftryggingafélaga á fjórðungnum.

### Skaðatryggingafélög – fyrsti ársfjórðungur 2019

Iðgjöld tímabilsins í eigin hlut námu 15 ma. kr. við lok fjórðungsins og aukast um 6,7% frá fyrsta ársfjórðungi 2018. Dregið hefur á vexti iðgjalda samanborið við sama tímabil í fyrra, en þá nam vöxtur iðgjalda 11,4%.


Tap var af skaðatryggingastarfsemi á fyrsta ársfjórðungi ársins sem nemur 1,1 ma. kr. Það er eilítið minna en á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs þegar tapið nam 1,3 ma. kr.

Samsett hlutfall skaðatrygginga (í eigin hlut) nam 107,3% við lok fyrsta ársfjórðungs. Tap af ökutækjatrekkingum vegur þungt í afkomu fjórðungsins en samsett hlutfall lögbundinna ökutækjatrekkinga var 118,9% og 105,1% í öðrum ökutækjatrekkingum á fjórðungnum.

Heildareignir skaðatryggingafélaga námu 151,5 ma. kr. á fjórðungnum samanborið við 142,7 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Þá hækkar váttryggingaskuld, fyrir hlut endurtryggjenda, úr 84,2 ma. kr. í 90,2 ma. kr. yfir sama tímabil.

Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi<sup>1</sup> nema 47,1 ma. kr. samanborið við 47,7 ma. kr. á sama tíma í fyrra.


Fjárfestingareignir skaðatryggingafélaga námu 115,7 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2019. Frá áramótum er mest aukning í flokknum „fyrirtækjaskuldabréf“ sem aukast um 2,6 ma. kr. en mest er lækkunin í „sjóðum/fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu“ eða 1,5 ma. kr.



**Mynd 1:** Samsetning fjárfestingareigna skaðatryggingafélaga eftir tegund.

<sup>1</sup> Solvency II efnahagsreikningur byggir á uppgjörsaðferðum eigna og skuldbindinga í samræmi við kafla XIII. og XIV. í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Gjaldþolshlutfall (SCR %) skaðatryggingafélaga lækkar um 2 prósentustig milli ára, úr 146% í 144%.



**Mynd 2:** Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Blái punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.

## Líftryggingafélög – fyrsti ársfjórðungur 2019

Iðgjöld tímabilsins í eigin hlut námu 1,3 ma. kr. og aukast um 8,1% milli ára. Vöxtur iðgjalda hefur aukist samanborið við sama tímabil í fyrra, en þá nam vöxtur iðgjalda 4,1%.


Heildareignir samkvæmt Solvency II efnahagsreikningi námu 18,1 ma. kr. samanborið við 17,3 ma. kr. á sama tímabili í fyrra.

Vátryggingaskuld líftryggingafélaga án söfnunartrygginga nam 5,1 ma. kr. og er óbreytt frá fyrra ári.

Hagnaður af líftryggingastarfsemi nam 425,7 m. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2019 samanborið við 519,7 m. kr. hagnað árið á undan. Jákvæð afkoma var í öllum greinum líftrygginga. Samsett hlutfall líftryggingafélaga nam 66,7% og hækkar frá fyrra ári þegar hlutfallið var 56,1%.


Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi námu 5,2 ma. kr. samanborið við 5,3 ma. kr. árið á undan.

Fjárfestingareignir líftryggingafélaga námu 9,0 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2019 samanborið við 8, ma. kr. á sama tímabili í fyrra.



**Mynd 3:** Samsetning fjárfestingaeigna líftryggingafélaga eftir tegund. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka eru undanskildar í yfirlitinu.

Gjaldþolshlutfall (SCR) líftryggingafélaga var 230,2% og hækkar frá sama tíma í fyrra þegar hlutfallið var 222,7%.



**Mynd 4:** Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Blái punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.